

6. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 20. mars 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson, Agnes M. Sigurðardóttir og Drífa Hjartardóttir.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Vinnureglur og verkferlar

AÁN bar fram fyrirspurn um verkferla og vinnureglur vegna samstarfs milli Rekstrarstofu og Biskupsstofu. Var upplýst að hálfsmánaðarlegir fundir ættu sér stað milli aðila. Framkvæmdanefnd beindi því til aðila að setja sér skýrar verklags- og vinnureglur um samstarf og ákvarðanatöku í samræmi við samþykkt 7. máls Kirkjupings frá 2021.

2. Auglýsingar

AMS upplýsti að til stendur að auglýsa störf presta í Hallgrímskirkju og Garðaprestakalli. Þá var staða söngmálastjóra rædd.

3. Fjárhagsáætlun

AÁN bar fram fyrirspurn um mismun á rekstraráætlun 2022 og rauntölum samkvæmt ársreikningi. BG svaraði fyrirspurninni og voru fundarmenn sammála um að ástæða væri til að samræma starfsreglur um fjárhagsáætlun að bókhaldinu svo að fjárheimildir séu skýrar.

AMS og DH viku af fundinum að dagskrárliðnum loknum.

4. Rekstur og fjármál

BG kynnti rauntölur launa samanbórið við launaáætlun vegna fyrstu tveggja mánuði ársins 2023. BG upplýsti að hann hygðist senda bréf á biskupafund um beiðni um stefnumótun varðandi framtíðarmönnun.

5. Uppgjörsmál

BG upplýsti að búið væri að ganga frá samkomulagi um uppgjör vegna ábúðarloka á Borg á Mýrum.

6. Fasteignamálefni

BG upplýsti að húsnæðið að Mosfelli í Mosfellssveit sé laust. Rætt var um að auglýsa húsnæðið til útleigu með ótímabundnum samningi með 6 mánaða uppsagnarfresti þar til ákveðið verður um framtíðarnot jarðar og húss.

Rætt var um Mosfell í Grímsnesi. Sóknarpresturinn í Skálholti mun flytja í húsnæðið á næstu dögum.

BG upplýsti að búið sé að ganga frá leigusamning vegna Heydala jarðarinnar.

Rætt var um sölulista fasteigna.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:10.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.